

# Fundur NOS

haldinn í Hveragerði þriðjudaginn 8. október 2019 kl. 11:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Eydís Indriðadóttir og Gestur Þór Kristjánsson . Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

## 1. Skýrsla forstöðumanns.

Ragnheiður fór yfir stöðuna hjá þjónustunni.

Ársskýrslan er í vinnslu og mun liggja fyrir á aðalfundinum.

Ragnheiður byrjaði í byrjun ágúst og er að koma sér inní málin.

Sálfræðingur hefur verið starfandi í tímabundinni 50% stöðu en 1.des verður hún aukin í 100% í samræmi við fyrri ákvörðun NOS. Unnið er að því að stytta biðlista til sálfræðings.

Í ágúst hætti Kolbrún kennsluráðgjafi og ekki hefur fengist nýr starfsmaður í hennar stað.

Ragnhildur og Hrafnhildur fóru og heimsóttu alla leik-og grunnskóla á svæðinu í byrjun hausts til að taka stöðu á málum innan þeirra.

Það þarf að endurnýja samninginn varðandi bakvaktir innan barnaverndar. Í dag eru tveir að sinna bakvöktum fyrir svæðið, einn starfsmaður úr Uppsveitum og annar úr Hveragerði. Ekki hefur fengist starfsmaður í að sinna bakvöktum úr Ölfusinu. Rætt um nauðsyn þess að fleiri standi bakvaktir til að dreifa álagi.

Farin er af stað umræða um að koma upp vistheimilum, sem eru neyðarúrræði þegar þarf að taka börn af heimili, í Árnessýslu og Vestmannaeyjum.

Er verið að skoða þau mál og verður kynnt þegar frekari vinna hefur farið fram.

Mikill tími mun fara í vinnu vegna NPA samninga og þarf að huga að því til framtíðar varðandi starfamannamál.

## 2. Tillaga stjórnar Bergrisans/Árborgar um verkefnisstjóra.

Lagt fram minnisblað frá Árborg um að ráðinn verði verkefnastjóri til Árborgar sem mundi sinna verkefnum Bergrisans, tímabundið til eins árs. Í minnisblaðinu voru lagðar fram 2 tillögur af stjórnsýslulegri stöðu starfsins. Tillögurnar voru ræddar.

Nos samþykkir að ráðinn verði verkefnastjóri til Bergrisans en að hann skuli ráðinn beint til Bergrisans og heyri undir stjórn hans. Nos leggur til að samið verði við Árborg um aðstöðu fyrir starfsmanninn.

## 3. Fjárhagsáætlunir velferðar/skólalþjónustu.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun. Nos samþykkir drög að fjárhagsáætlun að teknu tilliti til umræðu á fundinum og vísar henni til afgreiðslu á aðalfundi.

**4. Bíll fyrir forstöðumann.**

Samþykkt að keyptur verði bíll fyrir forstöðumann fyrir allt að 4 millj. Forstöðumanni falið að vinna að málinu í samráði við formann.

**5. Ákvörðun um aðalfund.**

Ákveðið að halda aðalfund á þann 23. október kl 13 í Þingborg.

**6. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari